

## 20. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði 05.03 2019, kl. 13:30

---

Mætt voru allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Jóhann F. Þórhallsson. Einnig mætti undir 3. lið Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður vegna vanhæfis oddvita. 1. og 2. varamaður gátu ekki mætt.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla oddvita

#### 2. Örnefnaskráning í Fljótsdalshreppi

#### 3. Gistihús

#### 4. Drög að samningi við Héraðsskjalasafn Austfirðinga , um sérverkefni

#### 5. Bréf

a) Aðalfundarboð Ársala bs, ásamt ársreikningi 2018

b) Starfsmenn Sýslumannsins á Austurlandi, ódags.

c) Öryrkjabandalag Íslands, dags. 12.02 2019

d) Þjóðskrá Íslands dags. 13.02 2019

#### 6. Fjárbeiðnir

a) Héraðsprent-Dagskráin á Austurlandi

b) Undirbúningsnefnd fagraðstefnu skógræktar 2019

#### 7. Fundargerðir

a) Stjórnarfundur Ársala bs, 25.02 2019

b) Starfshópur um hönnun þjónustuhúss við Hengifossá 22.02 2019

c) Svæðisskipulagsnefnd SSA 11.02 2019

d) Fundarpunktur frá samráðsfundi nefndar um stofnun þjóðgarðs á hálendinu , 15.02 2019

e) Brunavarnir á Austurlandi 23.11 2018 og 05.02 2019

f) Minjasafn Austurlands, 06.02 2019

#### 8. Önnur mál

1. Í byrjun febrúar unnu starfsmenn Tengis við uppfæra þráðlaust netsamband í Végarði , fjarlægðu loftnet af húsinu sem tilheyrðu sendakerfi, sem hefur verið aflagt og gengu frá

tengingu hússins inn á ljósleiðarkerfi sveitarinnar , þannig að nú er Végarður tengdur við kerfið á sama hátt og önnur hús .

Unnið hefur verið að viðhaldi í Végarði s.s. að lakka gólf í eldhúsi , mála vegg, tengja uppþvottavél sjálfvirkum sápuskammtara o.fl. Framkvæmdir við að skipta út gólfefni í sölum og á sviði standa yfir , búið að einangra og steypa í gólf í stóra sal og fjarlægja kork af hliðarsal , gert er ráð fyrir að framkvæmdunum ljúki fyrir páska. Hörður húsörður er verktaki við viðhaldsframkvæmdirnar og hefur samráð við húsnefnd um framgang mála.

Rafey hefur tekið að sér að fara um sveitina og lagfæra ljósastauralýsingu, þar sem það þarf.

Framkvæmdir við að setja upp rafhleðslustöð við Snæfellstofu, Skriðuklaustri, eru hafnar.

Fulltrúar frá Umhverfissráðuneytinu og Umhverfisstofnun funduðu í Végarði, 19. febrúar, með sveitarstjórn , landeigendum/umráðamönnum lands við Hengifossá og Þjóðgarðsvörðum austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs . Til umfjöllunar var möguleg friðlýsing Hengifossárgljúfurs, sem hluti af átaksverkefni umhverfissráðuneytis um að fjölga friðlýstum stöðum/svæðum á Íslandi. Engin afstaða til friðlýsingar var tekin á fundinum , en gert ráð fyrir að málið verði tekið upp á vettvangi sveitarfélagsins , ef um það berst erindi.

Oddviti sat aðalfund Húsfélags Miðvangi 6 , 27. febrúar sl, einnig aukaaðalfund SSA 19. febrúar og aukaársfund Austurbrúar , sama dag. Til umfjöllunar á fundum SSA og Austurbrúar voru stjórnarsýsluleg atriði og var m.a. samþykkt af báðum aðilum að stjórn SSA og Austurbrúar skuli vera sú sama.

## **2. Örnefnaskráning í Fljótsdalshreppi**

Sveitarstjórn er áhugasöm um að verkefninu verði komið á og vísar til samfélagsnefndar ósk um að málið verði tekið til umræðu á fyrirhuguðu íbúðarþingi.

*Anna Bryndís 3. varamaður kom til fundar klukkan 14:00 og Gunnþórunn yfirgaf fundinn vegna vanhæfis. Lárus tók við fundarstjórn.*

## **3. Gistihús**

Lagt fram undirritað samkomulag við Fljótsdalsgrund vegna loka leigusamnings.

Samningur við nýja leigutaka er á lokastigi og varaoddviti falið að klára það mál og undirrita samninginn.

*Anna Bryndís 3. varamaður yfirgaf fundinn klukkan 15:40 og Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.*

## **4. Drög að samningi við Héraðsskjalasafn Austfirðinga, um sérverkefni**

Varðar skjalavistunaráætlun og málalykil fyrir Fljótsdalshrepp. Samþykkt að gengið verði frá samningi við Héraðsskjalasafnið um vinnu vegna þessa . Kostnaður er áætlaður 230.000,- en getur hækkað eða lækkað eitthvað ,eftir því hve margir tímar fara í verkefnið . Oddviti falið að skrifa undir samninginn.

## 5. Bréf

- a) Aðalfundarboð Ársala bs, ásamt ársreikningi 2018.

Kynnt. Oddviti fer með umboð sveitarfélagsins á aðalfundinum , sem boðaður er á Egilsstöðum 12. mars , kl. 10.00..

- b) Starfsmenn Sýslumannsins á Austurlandi, ódags.

Kynnt. Varðar uppsagnir og skertar fjárveitingar hjá Sýslumennsembættinu á Austurlandi.

- c) Öryrkjabandalag Íslands, dags. 12.02 2019.

Kynnt. Varðar notendaráð fatlaðs fólks. Vísað til félagsþjónustu.

- d) Þjóðskrá Íslands dags. 13.02 2019.

Varðar misræmi á fasteignaskrá og húsaskrá. Fyrirspurnin lítur að fjórum íbúðarhúsum í sveitarfélaginu. Óskað er eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um rétta skráningu. Frestur til svara er 13. mars. Oddviti mun tilkynna ákvörðun sveitarfélagsins , þegar vilji viðkomandi húsaeygenda hefur verið kannaður.

## 6. Fjárbeiðnir

- a) Héraðsþrent-Dagskráin á Austurlandi. Kynnt, hafnað.

- b) Undirbúningsnefnd fagráðstefnu skógræktar 2019. Kynnt, Samþykktur styrkur að upphæð kr. 35.000,- vegna fagráðstefnu á Hallormsstað.

## 7. Fundargerðir

- a) Stjórnarfundur Ársala bs, 25.02 2019. Kynnt.

- b) Starfshópur um hönnun þjónustuhúss við Hengifossá 22.02 2019. Kynnt.

- c) Svæðisskipulagsnefnd SSA 11.02 2019. Kynnt.

- d) Fundarpunktur frá samráðsfundi nefndar um stofnun þjóðgarðs á hálendinu, 15.02 2019.

Kynnt.

- e) Brunavarnir á Austurlandi 23.11 2018 og 05.02 2019. Kynnt.

- f) Minjasafn Austurlands, 06.02 2019. Kynnt.

## 8. Önnur mál

- a) Jóhann spurði um hvað liði framkvæmdum á slóðum og reiðvegum sem fyrirhugaðar eru á árinu . Oddviti svaraði því til að undirbúningur væri ekki hafinn.

- b) Anna Jóna nefndi að gefa þurfi gistihúsinu við Végarð nafn og stingur upp á nafninu Fljótsdalsgrund, það nafn sé búið að vinna sér sess og ekki skipti máli að

ferðapjónusturekstur á staðnum muni ekki lengur bera það nafn . Einnig nefndi hún að leita þurfi tilboða í málningu utanhúss á timbur á gistihúsunum . Einnig að vinna að eins og um hefur verið rætt, að klæða norðurvegg félagsheimilisins.

Eiríkur og Jóhann tóku undir með Önnu Jónu, um að gefa gistihúsinu nafnið Fljótsdalsgrund.

Umræða varð um að gistihúsin eru tvö og hvort húsið ætti þá að fá þetta tiltekna nafn. Minnst var á að nafnið Fljótsdalsgrund afbakast gjarnan í erlendum framburði og af þeim sökum e.t.v ekki það besta á stað sem ætlaður er ferðapjónusturekstri.

Oddviti sagði að það lægi fyrir að einnig þyrfti að mála timburverk í þaki og gluggahlera Laugarfellsskála og hvað varðaði endurbætur á útvegg Végarðs, þá hefur Verkís tekið að sér að gera tillögu um framkvæmdina og kostnaðaráætlun því samfara.

- c) Landsnet hefur óskað eftir að funda með sveitarstjórn og skipulagsnefnd 11 mars.
- d) Samþykkt að greiða skuld við ÚÍA frá árinu 2013, 16.000 kr. Sennilega tilkomin vegna þess að ÚÍA hafi láðst að senda út reikninga vegna ársframlaga, en tekjufært framlögin í sínu bókhaldi.
- e) Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019, er fjármagn ætlað til byggingar „skemmu“ í malarkrús neðan við Végarð, m.a. til afnota fyrir tæki Búnaðarfélagsins. Stærð byggingar og fyrirkomulag hefur ekki verið ákveðið, því eru allar hugmyndir vel þegnar . Samþykkt tillaga oddvita um að óska eftir við Samfélagsnefnd að byggingaáformin verði lögð inn á íbúaping til umræðu og hugmyndasköpunar þar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:45.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)